

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í samstarfssamningi stjórnarflokkanna sé ákveðið, að verðstöðvun skuli haldið áfram enn um sinn, og að þau 2 vísitölustig, sem samkvæmt lögum nr. 94 19. nóvember 1970 verða ekki reiknuð í kaupgreiðsluvísitölu fyrr en 1. september 1971, skuli þegar tekin í hana. Þar sem ráðstafanir þessar séu nauðsynlegur þáttur í þeim kjarabótum, sem ríkisstjórnin hefur heitið að heita sér fyrir, en verði eigi framkvæmdar án breytingar á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, beri brýna nauðsyn til að ákveða þær breytingar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsliður fyrri málgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. desember 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%.

2. gr.

3. málgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu fram að 1. ágúst 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

3. gr.

Fyrri málsliður síðustu málgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu á gildistíma þessara laga skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsupphótar á laun.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsupphót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1971.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1971.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.